

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík 2. júní 2020
UST202005-202/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Hagakrókur – Rangárþing ytra

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 20. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á tillögu að deiliskipulagi fyrir Hagakrók úr landi Haga í Rangárþing ytra.

Í greinargerð kemur fram að Hagakrókur nær yfir um 23 ha svæði úr jörðinni Haga. og verða afmarkaðir verða byggingareitir fyrir íbúðarhús, tvö sumarhús og skemmu í tillöggunni.

Votlendi

Í greinargerð kemur fram að í dalverpi á milli holta í landi Hagakróks og Guttormshaga er mýri og tjarnir sem nefndar eru Hagaleira og er eitt af fáum óspilltum votlendissvæðum í Holtunum. Hagaleira fellur undir hverfisvernd (HV5) vegna náttúruverndar skv. aðalskipulagi Rangárþings Ytra.

Umhverfisstofnun bendir á að votlendið sem skipulagstillagan nær til fellur undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Að mati Umhverfisstofnunar mun tillagan hafa óveruleg áhrif á votlendið.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur